

Mál nr. 1/2026

11. maí 2026

Dansfélag Reykjavíkur

gegn

Ragnari Sverrissyni

Dómur

Með bréfi dagsettu 20. mars 2026 krafðist áfrýjandi þess Dansfélag Reykjavíkur að dómi dómstóls ÍSÍ í máli nr. 1/2026 sem kveðinn var upp 12. mars sl. yrði hrundið og breytt á þá leið að öllum kröfum stefnda yrði hafnað. Þá var krafist málskostnaðar fyrir dómstól ÍSÍ og Áfrýjunardómstóli ÍSÍ. Af hálfu stefnda, Ragnars Sverrisonar, var þess krafist að dómur dómstóls ÍSÍ yrði staðfestur og að viðurkennt yrði að hann væri lögmætur félagsmaður í Dansfélagi Reykjavíkur, auk málskostnaðar.

Málið var dómtekið 28. apríl sl. eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.

II

Frávísun málsins á grundvelli þess að kæra hafi borist utan kærufrests er hafnað með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms. auk þess sem gera verður þær kröfur til áfrýjanda að hann tryggji sér sönnun um að ákvörðunin hafi borist stefnda með því að óska eftir staðfestingu um móttöku

III

Að mati dómsins er mikilvægt að þegar brotið er gegn reglum þ.m.t. siðareglum eða öðrum hegðunarviðmiðunum, sé tekin ákvörðun um viðurlög við slíku broti og hversu lengi þau eigi að vara sem eftir atvikum getur takmarkað þátttöku félagsmanna eða útilokað þá frá félagsstarfi til lengri eða skemmri tíma. Slíka ákvörðun getur viðkomandi félagsmaður síðan borið undir dómstóla ÍSÍ ef hann sættir sig ekki við niðurstöðuna.

Dómurinn felst á þau rök áfrýjanda að það eitt að rannsókn refsímáls eða rannsókn barnayfirvalda hafi verið felld niður útiloki ekki að ákvörðun sé tekin um það á grundvelli siðareglna eða annarra háttervisviðmiða að útiloka viðkomandi frá félagsstarfi um lengri eða skemmri tíma. Það að rannsókn hafi verið felld niður getur hins vegar skipt máli við mat á alvarleika brotsins og þá um leið haft áhrif á hversu víðtæk slík viðurlög eiga að vera og hversu lengi þau eiga að vara.

Á grundvelli lokamálsliðar e-liðar 5.2. gr. laga ÍSÍ hafnar áfrýjandi umsókn stefnda um aðild að Dansfélagi Reykjavíkur. Að mati dómsins var háttsemi stefnda þess eðlis að ekkert var óeðlilegt við það að þau leiddu til íþyngjandi viðbragða af hálfu áfrýjanda. Til þess er hins vegar að líta að tilvitnað ákvæði laga ÍSÍ kveður ekki á um heimild til að útiloka félagsaðild einstaklings að aðildarfélagi ÍSÍ heldur heimild til að takmarka þátttöku félagsmanns eða útiloka frá félagsstarfi á grundvelli brota á lögum eða reglum íþróttahreyfingarinnar.

Mál þetta lítur að atvikum sem áttu sér stað á árinu 2021. Verður ekki á það fallist að brot stefnda sé þess eðlis að það gæti réttlætt útlökun hans frá félagsstarfi til margra ára m.a. með hliðsjón af lögmætiskröfu og meðalhófi. Þá hefur ekki komið fram af hálfu áfrýjanda að hægt væri að ná fram sama markmiði með vægari úrræðum s.s. með því að hafa æfingar á ólíkum tímum. Verður því að fallast á niðurstöðu dómstóls ÍSÍ.

IV

Í hinum áfrýjaða dómi er ekkert fjallað um þann hluta kröfugerðar stefnda að viðurkennt verði að hann sé lögmætur félagsmaður í Dansfélagi Íslands. Er því óhjákvæmilegt að vísa þeirri kröfu frá dóminum auk þess sem ekki liggur fyrir hvort stefndi hafi lögvarða hagsmuni af þeirri kröfu eftir að búið er að fallst á kröfu hans um að ákvörðun stjórnar um að hafna aðild hans að Dansfélagi Reykjavíkur hefur verið felld úr gildi.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómurinn var kveðinn upp af Helga Sigurðssyni, Helgu M. Óttarsdóttur og Huldu Árnadóttur.

Dómsorð

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Viðurkenningarkröfu stefnda er vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Helga Sigurðssyni
Huldu Árnadóttur